

Leiðarvísirinn á við um útgáfu 5.00 af skráningartöflunni.

Í töfluna skal skrá **einn** matshluta í samræmi við skráningarreglur Þjóðskrá og byggingarfulltrúa. Taflan er tóm og tilbúin til notkunar.

Töflunni (vinnubókinni) er skipt í eftirfarandi vinnublöð:

- **Forsíða:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
----------------	-----------	-------	----------	---------------	------------	-----------	--------------	----------------	----------------

Þetta er titilsíðan og sýnir auðkennisupplýsingar matshlutans. Upplýsingar af þessu vinnublaði eru líka sýndar í yfirskrift á hinum vinnublöðum. Hér skal skrá í dálk *E6* heiti eignar, í *E8* landeignanúmer þeirrar landeignar sem matshlutinn tengist, í *E9* matshlutanúmer, í *E10* fjöldi matshluta á landeign, í *E11* nafn skrásetjara, í *E12* kennitölu, í *E13* dagsetningu, ef skráningartöflu er breytt milli yfirferða hjá byggingarfulltrúa þá skal breyta dagsetningu. og í *I8* staðgreini þar sem þess er krafist. Á þessari síðu er reiknihnappur. Þegar smellt er á hann fer fram villuleit á innsláttaratriðum og stærðir bornar saman. Þá myndast einnig upplýsingar á vinnublöðum *eignarhald* og *samantekt*. Finnist villa, vísar forritið á hana og merkir með rauðu. Venjulegt verklag við skráningu er að skrá fyrst á forsíðu, síðan matshluta, hæðir, einingar, sameign sumra og athugasemdir. **Áríðandi er að villutékka vinnublaðið í einingar áður en smellt er á reiknihnappinn.** Endað er á að smella á reiknihnappinn. Þá myndast *samantektar vinnublaðið*.

	A	B	C	D	E	F	G	H	I
1									
2									
3									
4									
5									
6									
7									
8									
9		Reikna			Landeignanúmer:			Staðgreinir:	
10					Matshlutanúmer:				
11					Fjöldi matshluta á landeign:				
12					Skrásetjari:				
13					Kennitala:				
14					Dags:				
15					ATH. Að villutékka vinnublað í einingar áður en það er reiknað			Brúttóflötur:	m ²
16					Leiðbeiningar			Brúttó rúmmál:	m ³
17									
18								Birt flatarmál:	m ²
19								Skiptarúmmál:	m ³
20									
21									
22									
23									
24									
25									
26									
27									
28									
29									
30									
31									
32									
33									
34									
35									
36									

Fylgiskjal reglugerðar 910/2000
1.2 Mannvirki
Upplýsingar um mannvirki, sem Þjóðskrá Íslands og byggingarfulltrúar óska eftir, skulu skráðar í skráningartöflu og fylgja aðaluppdráttum til byggingarfulltrúa.
Hvert sjálfstætt mannvirki er skráð sérstaklega.
Mannvirkihluta má skrá sérstaklega sem sér matshluta þegar.
a) Byggingarfræðileg rök mæla með sjálfstæðri skráningu, s.s. byggingarefni og byggingarlag, enda geti hann staðið sjálfstæður samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.
b) Eignarmörk mæla með því og nauðsynlegt reynist að gera sérstaka eignarskiptayfirlýsingu um hann.
Mannvirki skal skipt í hæðir samkvæmt reglum um hæðarskiptingu.
Mannvirki skal skrá eftir lokunarflokkum.
Hæðum skal skipt í rými eftir reglum um eignarhald, höfuflokkun og notkun rýma.

- **Matshluti:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstöður	Breytingarsaga
---------	------------------	-------	----------	---------------	------------	-----------	--------------	----------------	----------------

Í þessu vinnublaði eru skráðar stærðir, sem eiga við matshlutann í heild og tilheyra ekki neinni sérstakri einingu. Hér skal skrá stærð lóðar ef reikna á flatarmál nýtingarhlutfalls. Hér skal einnig skrá flatarmál botnplötu og hjúpfleti þ.e. útveggi og þak þegar það á við. Efsta hæðarkóta byggingar og ummál ofanjarðar. Aðeins skal skrá í efri töfluna. Reikniaðgerðin reiknar rúmmál botnplötu á grundvelli flatarmálsins (0,2m * flatarmál botnplötu) og myndar einnig yfirlitstöflu sem sýnir flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls sem koma úr samtölum fyrir matshlutann úr vinnublaðinu **einingar**. Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými +B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægra en 1,8 m samkvæmt skipulagsgerð 2013 (breyting var gerð 2016) Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls þess vegna er áriðandi að setja inn flatarmál undir 1,8 m, í dálk D9 í vinnublaði **einingar**, þótt um er að ræða fylgirými (F) eða virkisrými (V)

Skráningartafa:		Sýnisgata 26			Skrásetjari:		Nafn		
Landdeignanúmer:		100100			Kennitala:		XXXX XXXXX		
Matshlutanúmer:		01			Utgáfa:		5.00 Dags.: 20.10.2020		
		Botnplata		Hjúpfletir					
	Lóð m²	Botnplata m²	Botnplata m²	Útveggir m²	Þak af Glugga- og dyraop m²	Þak m²	Þak gluggar og þakop m²	Efsti hæðarkóti	Ummál ofanjarðar
Matshluti	297,5	19,0	95,0	284,3	56,9	114,0			39,0
	Yfirlit	D5 Botnflötur m²	D5M milliflötur m²	D7 op m²	D8 Brúttóflötur m² með V og F	D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F	D11 Brúttórúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D13 birt flatarmál m²
	A rými	335,0		20,4	314,6	26,9	868,9	262,3	265,4
	Svalir A lokun								
	B rými								
	C rými	4,6							
	Fylgirými (F)								
	Afgangsrými (V)	45,0			45,0	45,0	38,2		
	Botnplata						19,0		
	Samtals:	384,6	0,0	20,4	359,6	71,9	926,1	262,3	265,4
Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.									
				m²	Lóð m²	Hlutfall			
	Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls			287,7	297,5	0,97			

- **Hæðir:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	--------------	----------	---------------	------------	-----------	--------------	----------------	----------------

Í þessu vinnublaði eru hæðirnar skilgreindar. Lína 7 skal vera auð og ekki má vera auð lína á milli skráninga. Í dálkinn **hæð** skal skrá hæðanúmerin með tveimur tölustöfum. Þau verða að byrja í reit A9 og vera í samliggjandi reitum. Í dálkinn **texti** skal skrá heiti hæðanna. Næstu tveir dálkar, **botnflatarmál** og **brúttó-rúmmál** eru samanburðardálkar. Þar skal skrá heildarstærðir botnflatarmáls og brúttórúmmáls hæða í lokunarflokki A. Þegar smelt er á reiknihnappinn á forsiðunni eru tölurnar úr samanburðardálkunum bornar saman við summu sömu dálka á **samantektar vinnublaðinu**. Ef mismunur finnst þá koma réttar tölur í rauðu í dálk E.

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
1	Skráningartafla:		0				Skrásetjari:	0,0		
2	Landeignanúmer:		0				Kennitala:	0,0		
3	Matshlutanúmer:		00			Útgáfa: 5.00	Dags.:	27.11.2020		
4	Hæðir		Samanburðarstærðir							
5			D5	D11						
6	Hæð	Texti	Botnflötur m²	Brúttó rúmmál m³						
7										
8		Matshluti								
9	00	Kjallari								
10	01	1. Hæð								
11	02	2. Hæð								
12	03	3. Hæð								

- **Einingar:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	-------	-----------------	---------------	------------	-----------	--------------	----------------	----------------

Í þessu vinnublaði eru skráð rými í samræmi við **skráningarreglurnar**. Eingöngu skal skrá í rýmislínur. Aðrar línur t.d. mannvirkjalína, hæðarlínur eða botnplötulína eru ekki skráðar hér. Gott er að hafa eina auka línu á milli hæða. Hægt er að skrá 999 rýmisnúmer fyrir hverja hæð.

- Í dálkinum **D0** er skráð lokun. Hún verður að vera „A”, „B” eða „C”, nú er hægt að skrá svalir með svalalokun í lokunarflokk „A“

Í dálkinn **D1** eru skráð númer rýma. Rýmisnúmer verður að vera fjórir tölustafir. Fyrstu tveir tölustafirirnir tákna hæð, en seinni tveir númer rýmis innan hæðar. Ekki má nota hvert rýmisnúmer nema einu sinni. Í dálk **D2** skal skrá texta sem lýsir notkun rýmisins. Td íbúð, geymsla, bílskúr, iðnaður og svo framvegis.

Í dálk **D3** er skráð höfuðflokkun samkvæmt fylgiskjal reglugerðar þ.e. aðeins er leyfilegt að nota bókstafina „N”, „U”, „T”, „B”, „F”, „V”, eða „S”. Ávallt skal skrá svalir sem „S” líka ef lokunarflokkur er „A“ og bílgeymslur sem „B”.

Í dálk **D4** skal skrá eignarhald rýmis. Eignarhaldsnúmer verður að vera fjórir tölustafir og vera sama númer og rýmisnúmerið sem það tengist. Nota skal „X” fyrir sameign allra og „Y”, „Y1”, „Y2” o.s.v. fyrir sameignir sumra. Ekki er leyfilegt að nota „Y0”. Rýmin eru

skráð eftir “goggunarröð” sjá fylgiskjal reglugerðar. Bílgeymslur skulu ávallt hafa sama eignarhaldsnúmer og rýmisnúmer. Þær tengjast því ekki íbúðunum, heldur mynda sjálfstætt eignarhald. Þetta er gert til þess að ekki þurfi að breyta skráningatöflu þótt bílgeymsla skipti um eigendur ef um fjöleignarhús er að ræða. Þetta er líka gert til að skráning íbúðar og bílageymslu er aðskilin og sýnileg í Fasteignaskrá.

Dálkar D5, D5M, D6, D7, D9, D11 og D12 og Dálkar D10a og D10b eru stærðarútfyllingar og vísast til fylgiskjals reglugerðar. Dálkarnir **D8 (brúttóflötur)**,

D13 (birt flatarmál) og D15 (skiptarúmmál) eru ekki notaðir í þessu vinnublaði. Þeir eru litaðir og aðeins hafðir með til þess að jafn margir dálkar séu í eininga vinnublaði og samanburðarvinnublaði, en þar eru þessir dálkar notaðir.

Dálkurinn D14 reiknitala skiptarúmmáls er notaður þannig að ef skráð er í hann er sú tala notuð við útreikning skiptarúmmáls en það er í undantekningartilvikum. Forritið finnur sjálf reiknitöluna. Í lokunarflokki A er reiknitalan D11/ D5, *brúttórúmmál / botnfleti*. Í lokunarflokki B er reiknitalan 0,6 (sjá fylgiskjal reglugerðar) Skiptarúmmálið verður þá brúttórúmmál rýmis * 0,6. Í lokunarflokki C er reiknitalan 1 þegar slík rými reiknast með í skiptarúmmálið. Fyrir svalir er reiknitalan ávallt 1. Skiptarúmmálið reiknast þá sem botnflötur * 1.

Flatarmál (brúttó-og nettó) og rúmmál eru með einum aukastaf. Salarhæðir og reiknitala skiptarúmmáls eru með tveim aukastöfum.

Villutékk er í vinnublaðinu *einingar* og hægt er er að velja að villutékka vinnublaðið við innslátt með því að taka hakið af eða hafa hakið á og villutékka eftir að búið er að fylla út vinnublaðið. Ef verið er að flytja skráningu úr eldri töflu yfir í nýju útgáfuna og óþarfa 0 afritast með í dálka þá er hægt að hreinsa þau í burtu með því að nota takkann „hreinsa núll“. Best er að hafa hakið á þegar skráning úr eldri töflu er flutt yfir. En muna þarf að villutékka þegar sú aðgerð er búin.

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R		
1	Skráningartafli: Sýnisgata 26				Skrásetjari: Nafn						Hreinsa núll		<input type="checkbox"/> Ekki villutékka						
2	Landeignanúmer: 100100				Kennitala: xxxxx xxxxxx														
3	Matshlutannúmer: 01				Útgáfa: 5.00		Dags.: 20.10.2020												
4	Uppskipting og lýsing				Stærðir														
5	D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	E	F	G	H		
6	Lokun	Rými hæð-röð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hald	Botnflötur m²	Milliflötur m²	Stigar m²	Op m²	Brúttó flötur m²	Brúttó flötur sh < 1,8	Salarhæð min	Salarhæð max	rúmmál m³	m²	m²	skiptarúmmáls	rúmmál m³	
7																			
8	A	0001	Íbúð	N	0001	68,8				68,8		2,60	2,60	17					
9	A	0002	Geymsla	N	0001	4,8				4,8		2,60	2,60	1					
10	A	0003	Geymsla	N	0001	3,2				3,2	1,5	1,00	2,60						
11	A	0004	Þvottahús	N	X	9,4				9,4		2,60	2,60	24,4	0,1				
12	A	0005	Stigahús/gangur	U	X	8,8		6,8		8,8		2,60	2,60	22,9	2,7				
13	C	0006	Úttröppur	U	X	4,6				4,6									
14	A	0101	Íbúð	N	0101	84,4				84,4		2,70	2,70	227,9	71,8	84,4	2,70	193,9	
15	A	0102	Stigahús	U	X	10,6		6,8	6,8	3,8		2,70	2,70	28,6	2,4				
16	A	0201	Íbúð	N	0201	84,4				84,4		2,70	2,70	227,9	71,8	84,4	2,70	193,9	
17	A	0202	Stigahús	U	X	10,6		6,8	6,8	3,8		2,70	2,70	28,6	2,4				
18	A	0301	Geymsla	N	0201	15,5				15,5	9,3	1,15	3,00	36,1	14,3	6,2	2,33	33,3	
19	A	0302	Geymsla	N	0101	8,5				8,5	3,8	1,15	2,70	20,2	7,6	4,7	2,38	18,1	
20	A	0303	Geymsla	N	0101	15,4				15,4	5,0	1,15	3,00	34,9	13,4	10,4	2,27	30,4	
21	A	0304	Stigahús	U	X	10,6			6,8	3,8	7,3	0,30	2,70	19,2	2,4				
22	A	0305	Þakrymi	V	X	45,0					45,0	0,30	1,15	38,2					

- **Sameign_sumra:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	-------	----------	----------------------	------------	-----------	--------------	----------------	----------------

Í þessu vinnublaði er sýnd sundurliðun sameigna sumra (þ.e. Y-eigna). Fyrir hvert notað Yn (n = 1, 2, ...) þarf að sýna hér hvaða séreignarhlutum sameignin tilheyrir og í hvaða hlutföllum. Í eignadálkinn (B) er skráð eignarhaldsnúmer þeirra séreignarhluta sem eiga í viðkomandi sameign. Í eignarhaldsdálkinn (D) er skráð um hvaða Yn sameign er að ræða og í eignarhlutadálkinn (G) reiknast hlutdeildin sjálfkrafa nema þegar um P skiptingu er að ræða. Um þrens konar reiknireglu getur verið að ræða:

„P”. Þar er eignahlutur skráður af notanda. (í sérstökum tilfellum)

„J”. Jafnskiptur eignahlutur, þ.e. 100/ fjölda eigenda. (td. bílastæði í bílageymslu)

„S”. Skipt eftir skiptarúmmáli séreignar, þ.e. skiptarúmmál eignar / samtals skiptarúmmál þeirra séreigna sem hlut eiga. (algengast) Eignahlutur í % er sex stafa tala sem síðan er rúnuð í 4 stafa tölu þar sem hlutfallstala hefur eingöngu 2 aukastafi.

A	B	C	D	E	F	G	H	I
Skráningartafla: 0						Skrásetjari:	0,0	
Landeignanúmer:		0				Kennitala:	0,0	
Matshlutanúmer:		00			Útgáfa: 5.00	Dags.:	27.11.2020	
Sameignir sumra								
	Eignarhald	Notkun texti	Y-eignarhald	Notkun texti	Reikniregla	Eignarhlutur		

- **Eignarhald:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	-------	----------	---------------	-------------------	-----------	--------------	----------------	----------------

Í þessu vinnublaði eru sýndar stærðir eigna, birt flatarmál þeirra, skiptarúmmál séreignar, sem sameign sumra skiptist eftir og skiparúmmál alls, þ.e. rúmmál séreignarrýma og skipta rúmmál sameignar sumra, sem sameign allra skiptist eftir. Hérna er eingöngu sett inn fasteignanúmer við viðkomandi eignir en þegar verið er að reikna hlutfallstölur í vinnublaðinu „hlutfallstölur“ eru upplýsingar sóttar í þetta vinnublað og fasteignanúmer flytjast þangað sjálfkrafa.

	A	B	C	D	E	F	G	H
1	Skráningartafla: 0						Skrásetjari:	0,0
2	Landeignanúmer:		0				Kennitala:	0,0
3	Matshlutanúmer:		00			Útgáfa: 5.00	Dags.:	27.11.2020
4	Eignarhald							
5						Skiptarúmmál		
					Séreign	Séreign og		
6	Fasteignanr.	Eignarhald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	m² án sameignar	sameign m²		
7	F251XXX1							
8	F251XXX2							
9	F251XXX3							
10	F251XXX4							
11								
12								

- **Samantekt:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	-------	----------	---------------	------------	------------------	--------------	----------------	----------------

Í þetta vinnublað skráir notandinn ekkert. Þetta vinnublað er hluti af byggingarnefndarsetti sem skilað er til byggingafulltrúa. Hér er sýnd samantekt vinnublaðanna **matshluti, hæðir einingar, sameign sumra** og **athugasemdablaði**. Á samantektarblaðinu birtist einnig samantekt matshluta (hjúpflétir og flatarmál nýtingahlutfalls)

1	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R
1	Skráningartafla: 0					Skrásetjari: 0,0												
2	Landeignanúmer: 0					Kennitala: 0,0												
3	Matshlutanúmer: 00					Útgáfa: 5.00					Dags.: 27.11.2020							
4	Uppskipting og lýsing					Stærðir												
5	D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15
6	Lokun	Rými hæð-röð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hald	Botnflötur m²	Málflötur m²	Stiggar m²	Op m²	Brúttóflötur m²	Brúttóflötur sh < 1,8	Salarhæð min	Salarhæð max	Brúttó rúmmál m³	Nettó flötur m²	Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	Skipta-rúmmál m³
7																		
8																		
9																		
10																		
11																		
12																		
13																		

- **Athugasemdir:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga	Sheet1
---------	-----------	-------	----------	---------------	------------	-----------	---------------------	----------------	----------------	--------

Í þessu vinnublaði er hægt að skrá athugasemdir sem skulu fylgja matshlutanum, í dálk A. Best er að byrja í reit A8. Auðar línur mega ekki vera fleiri samliggjandi en þrjár. Mikilvægt er að skrá hér allt sem hugsanlega getur skipt máli varðandi skráningu. Ekki setja inn í athugasemdarlínur eignarhaldstengingar á td. bílastæðum þar sem þá þarf að breyta skráningartöflu ef td. eignarhaldi bílastæða er breytt með viðaukum. Eignaskiptayfirlýsing á að taka á öllum eignatengingum.

	A	B	C	D	E	F	G	H	I										
1	Skráningartafla: 0					Skrásetjari: 0,0													
2	Landeignanúmer: 0					Kennitala: 0,0													
3	Matshlutanúmer: 00					Útgáfa: 5.00					Dags.: 27.11.2020								
4	Athugasemdir																		
5																			
6	Athugasemdir																		
7																			
8																			
9																			
10																			
11																			
12																			
13																			

• **Hlutfallstölur:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	-------	----------	---------------	------------	-----------	--------------	-----------------------	----------------

Hlutfallstölur í matshluta, lóð, heildarhúsi og í hitakostnaði. Þetta vinnublað reiknar allar hlutfallstölur og hægt er að prenta þær út til að nota í eignaskiptayfirlýsingu. Hlutfallstölur eru með tvo aukastafi.

Í vinnublaðinu *einingar* eru upphituð rými valin með því að setja töluna 1 í dálkinn „Upphitað rými“ í línur viðkomanda rýma. Hlutfallstölur vegna hitakostnaður reiknast þá sjálfkrafa, séreignarými, sameignar sumra rými og sameignar allra rými. Miðað er við einn mæli til upphitunar eins og er.

Ef fleiri en einn matshluti er á lóð þá er fjöldi þeirra skráður í vinnublaðinu *forsíða* og þeir raðast upp í vinnublaðinu *hlutfallstölur*. Rúmmál annarra matshluta, sem taflan fjallar ekki um, er skráð í dálkinn rúmmál, aftan við matshlutanúmerið.

Síðan er tekin afstaða til þess hvort um eitt mannvirki er að ræða eða fleiri. Ef tveir matshlutar eru á lóð og eru þeir eitt mannvirki samkvæmt lögum um fjöleignarhús er þá talan 1 settur í dálkinn hús fyrir báða matshluta og hlutfall eigna í húsi reiknast sjálfkrafa.

Ef matshlutarnir tveir eru tvö sjálfstæð mannvirki og ekki á að reikna hlutfall í heildarhúsi þá er er talan 2 valin fyrir matshluta 02 og svo framvegis.

Fasteignanúmer flytjast síðan fyrir á þetta vinnublað úr eignarhaldsvinnublaðinu.

Dæmi, tveir matshlutar eitt mannvirki.

Endurnýja		Prenta												
Mhl	Rúmmál m³	Hlutfall % í lóð	Hús	Hlutfall í húsi %										
01	926,1	88,70	1	88,70										
02	118,0	11,30	1	11,30										
Alls	1.044,1	100,00												
Eignarhald														
Skiptarúmmál														
Fasteignarnr.	Eignarhald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Séreign m² án sameignar	Séreign og sameign m²	Hlutfall í mhl %	Hlutfall í lóð %	Hlutfall í húsi %	Magntölur hitakostnaðar m² í séreign			X	Samtals með sameign	Hlutfall í hita%
F1234567	0001	Íbúð	75,3	168,818	168,818	26,45	23,46	23,46	0001	Íbúð	198,2	41,3	239,4	27,56
F1234568	0101	Íbúð	99,5	242,366	242,366	37,97	33,68	33,68	0101	Íbúð	283,0	41,3	324,2	37,32
F1234569	0201	Íbúð	90,6	227,179	227,179	35,58	31,56	31,56	0201	Íbúð	264,0	41,3	305,2	35,12
		Alls	265,4	638,363	638,363	100,00	88,70	88,70	Alls		745,1	123,8	868,8	100,00

Dæmi, tveir matshlutar tvö mannvirki.

Endurnýja		Prenta												
Mhl	Rúmmál m³	Hlutfall % í lóð	Hús	Hlutfall í húsi %										
01	926,1	88,70	1	100,00										
02	118,0	11,30	2	100,00										
Alls	1.044,1	100,00												
Eignarhald														
Skiptarúmmál														
Fasteignarnr.	Eignarhald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Séreign m² án sameignar	Séreign og sameign m²	Hlutfall í mhl %	Hlutfall í lóð %	Hlutfall í húsi %	Magntölur hitakostnaðar m² í séreign			X	Samtals með sameign	Hlutfall í hita%
F1234567	0001	Íbúð	75,3	168,818	168,818	26,45	23,46	26,45	0001	Íbúð	198,2	41,3	239,4	27,56
F1234568	0101	Íbúð	99,5	242,366	242,366	37,97	33,68	37,97	0101	Íbúð	283,0	41,3	324,2	37,32
F1234569	0201	Íbúð	90,6	227,179	227,179	35,58	31,56	35,58	0201	Íbúð	264,0	41,3	305,2	35,12
		Alls	265,4	638,363	638,363	100,00	88,70	100,00	Alls		745,1	123,8	868,8	100,00

- **Breytingasaga:**

Forsíða	Matshluti	Hæðir	Einingar	Sameign_sumra	Eignarhald	Samantekt	Athugasemdir	Hlutfallstölur	Breytingarsaga
---------	-----------	-------	----------	---------------	------------	-----------	--------------	----------------	-----------------------

Í vinnublaðinu breytingasaga er hægt að halda utan um allar breytingar sem gerðar eru í skráningartöflu.

	A	B	C
1	Dags	Breytt af	Hverju var breytt
2			
3			
4			
5			
6			
7			
8			
9			
10			
11			
12			
13			
14			

Það verður alltaf að enda skráningu með því að smella á reiknihnappinn á vinnublaðinu *forsíða* og fá enga villu. Mikilvægt er að breyta **ekki** dálkum eða innbyrðis afstöðu þeirra, það kemur í veg fyrir vélræna yfirfærslu gagnanna frá byggingafulltrúa til Þjóðskrár.

Athugasemdir og breytingatillögur við töfluna óskast sendar Þjóðskrá á netfangið skraning@skra.is. Þetta verður lifandi skjal sem er í stöðugri þróun og mælum við með því að sækja reglulega uppfærslur á vef okkar www.skra.is

Skráning bílastæða í bílageymslu og stía í hesthúsi:

Skráning bílageymslurýma

Sérhvert bílageymslurými hefur eina rýmislínu. Önnur rými sem tengjast bílageymslunni fá einnig sér rýmislínu. Bílageymslurými eru alltaf jafnskipt eftir fjölda bílastæða hvort sem stæðin eru með skilgreinda séreign eða öll skráð í óskiptri sameign. Til þess að taflan reikni jafnskipt hlutfall þarf að skrá hvert bílastæði. Neðan við aðra skráningu í **vinnublaði einingar** eru búnar til svokallaðar E-línur fyrir hvert stæði þannig að í dálkinn **D0** er settur bókstafurinn E. Í dálkinn **D1** er sett raðnúmer stæðis með einum bókstaf oftast bókstafurinn B og að lágmarki tveir tölustafir. Því verður að byrja að skrá B01, B02 o.s.frv. Í dálkinn **D2** er skráð notkun þ.e. bílastæði. Í dálkinn **D3** er höfuðflokkunin skráð þ.e. B. Í dálkinn **D4** er síðan eignarhaldið skráð sem er alltaf sama og raðnúmerið í dálki **D1**. Ekkert er skráð í stærðir því hvert stæði hefur ekki skilgreinda stærð, heldur hefur hlutdeild í bílageymslurýminu. Þegar búið er að fylla út í vinnublaðið **einingar** þarf einnig að skrá stæðin í vinnublað **Sameign sumra**. Ef um nokkra hæða bílageymslu er að ræða þá er hægt að nota bókstafi í samræmi við hæð bílageymslu td E ,og að lágmarki tveir tölustafir, fyrir efri hæð og svo framvegis.

Skráning hesthúsa

Skráning hesthúsa fylgir almennt sömu reglum og skráning annarra bygginga. Skipt er eftir brúttórúmmáli milli matshluta og skiptarúmmáli innan hvers matshluta. Sé hins vegar meiningin að skipta í fasteignir innan rýmis gildir eftirfarandi aðferð:

Sérhvert slíkt hesthúsrými hefur eina rýmislínu. Önnur rými t.d.hlaða eða kaffistofa sem tengjast hesthúsinu fá einnig sér rýmislínu. Hesthús sem skipt er með þessum hætti eru alltaf jafnskipt eftir fjölda hesta. Til þess að taflan reikni jafnskipt hlutfall þarf að skrá hverja stíu og tilgreina fjölda hesta í stíu. Neðan við aðra skráningu í **vinnublaðið einingar** eru búnar til svokallaðar H-línur fyrir hverja stíu þannig að í dálkinn **D0** er settur bókstafurinn H. Í dálkinn **D1** er sett raðnúmer stíu með bókstafnum H og að lágmarki tveir tölustafir. Því verður að byrja að skrá H01, H02 o.s.frv. Í dálkinn **D2** er skráð notkun þ.e. Stía. Í dálkinn **D3** er höfuðflokkunin skráð þ.e. H. Í dálkinn **D4** er síðan eignarhaldið skráð sem er alltaf sama og raðnúmerið í dálki **D1**. Ekkert er skráð í stærðir því hver stía hefur ekki skilgreinda stærð, heldur einungis hlutdeild í hesthúsinu.